

Tilhögun námsmats í myndmennt í 5. og 6. bekk

Námsmöppur

Verkefnum nemenda er safnað saman í námsmöppur sem eru metnar til einkunnar í lok vetrar.

Námsmöppur þessar eiga að gefa heildstæða mynd af verkum nemenda og sýna þróun eða framfarir hans í námi. Áríðandi er að ganga sem best frá í möppurnar þannig að þær beri eiganda sínum góða sögu.

Mat á vinnubrögðum

Svokallað símat verður í gangi er metur vinnubrögð og viðhorf nemenda til námsins. Símat þetta fer þannig fram að kennari fyllir út gátlista í lok verkefnis sem inniheldur ákveðnar spurningar er kennarinn þarf að svara.

Kennarinn getur kosið að hafa nemanda sér við hlið þegar hann fyllir út listann. Þannig veitir hann nemandanum strax upplýsingar um frammistöðu sína í verkefninu og getur veitt honum hrós fyrir það sem vel er gert og bent honum á ef þörf er á úrbótum.

Spurningar í gátlista

Bekkur / hópur _____

Dags. _____

<input type="checkbox"/>	Nemandi: _____	Athugasemdir
<input type="checkbox"/>	Kemur sér fljótt að verki?	
<input type="checkbox"/>	Sýnir frumkvæði og hugmyndaflug?	
<input type="checkbox"/>	heldur sig að verki	
<input type="checkbox"/>	Fer eftir fyrirmælum?	
<input type="checkbox"/>	Gengur vel um og sinnir frágangi?	

	Truflar ekki aðra, heldur vinnufrið	
--	-------------------------------------	--

Verkefni

Þrjú til fjögur svokölluð skyldu verkefni eru á hverri önn sem unnin eru af öllum nemendum bekkjarins. Einnig verða samvinnuverkefni svo sem pappírs- og bókagerð. Önnur verkefni verða sniðinn að þörfum og áhuga hvers og eins.

Vægi gátlista og möppu í heildar einkunn

Gátlistinn er metur vinnubrögðin og viðhorf nemenda til námssins vegur **50%**

Námsmappa (myndverk+frágangur) **50%**